

Stjórnarfundur 24.01.22 kl. 17

Mættir: Óttar, Helga, Sigurður, Friðrik, Gísli.

1. Fresta þurfti janúarfundi Öldungadeildar vegna sóttvarnatakmarkana og þarf að fresta enn um viku. Hann verður haldinn miðvikudaginn 9. febrúar. Tillaga um **Ásdísi Höllu Bragadóttur** að fjalla um efni nýjustu bókar sinnar, Moritz Halldórsson, lækni. Efni næstu funda: ýmsar hugmyndir viðraðar; umfjöllun umátakasvæði í heiminum, t.d. Valur Gunnarsson um Úkraínu, Afganistan; Brynjólfur Ingvarsson sem nýlega skrifaði bókina "Guðfaði geðveikinnar". ÓG talaði við Brynjólf eftir fund og hann tók vel í að tala á aprílfundi.

2. Húsafellsferð um hvítasunnu. Búið að borga inná hjá Hótel Húsafelli.

Drög að ferðaáætlun:

Föstudagur 3. júní:

Brottför kl. 10

Farin Hvalfjarðarleið. Fyrsta stopp Hernámssetrið: hver talar við Gauja? Kaffi þar?

Yfir Dragann að Hvanneyri. HMÖ fær einhvern frá LBHÍ til að taka á móti okkur

Áfram sem leið liggur með stoppi við Hraunfossa/Barnafoss.

Húsafell: koma sér fyrir á herbergjum og svo Giljaböðin: ferðir þangað eru skipulagðar frá hótelinu: Óttar talar við þau.

Kvöldverður á hótelinu

Laugardagur 4. júní:

F.h. Reykholt: hver talar við Sr. Geir Waage? Snorrastofa, kirkjurnar. Farið framhjá fleiri markverðum bæjum (Bæ, Gilsbakka, Stafholti ...): Óttar ath. nánar

Hádegissnarl í Reykholti?

E.h. Íshellar í Langjökli: SG hefur samband við ferðaþjónustuna

Kvöldverður a Á: Óttar

Sunnudagur 5. júní

Göngutúr um listaverk Páls

Víðgelmir - fá nesti með okkur frá Húsafelli? FY athugar betur

Kaldidalur

Þingvellir hressing þar

Komið í bæinn um kl 18 Normandi OK

3. Haustferð til útlanda í byrjun september. Fjórar hugmyndir ræddar:

1 Vín - Búdapest, Semmelweiss og Freud. Flogið til München og til baka frá Búdapest um Amsterdam

2 Búdapest

3 Madrid með Kristni R. Ólafssyni.

4 Á fljótabátum frá Moskvu til St. Pétursborgar með Pétri Óla: Góð hugmynd en sett í bið. Hugmynd 1 varð ofan á.

Fundi slitið 18:55

HMÖ